

1.bekkur

Frjálsi leikurinn er mikilvægasta leið sex ára barnsins að nýrri þekkingu um heiminn og sjálft sig.

Við ætlumst ekki til að öll börn séu tilbúin í skólann. Hæfni til að einbeita sér að einu í einu þarf að þroskast og þetta gerist á sem auðveldastan máta þegar líkaminn er einnig þátttakandi. Þess vegna er leikur mikilvægasta innleiðing barnsins að nýrri þekkingu á heiminum og sjálfum sér, til sjálfstæðis og samskipta, nýrrar verklegrar færni og hreyfifærni og ekki síst til að læra félagslegar reglur, gildi og siðfræði. Á þessu námsári ljúka nemendur fyrsta sjö ára þroskaskeiði sínu, sem miðast við að sigrast á og ná tökum á skynfærum og heiminum, fyrst og fremst í gegnum líkamann.

Börnin læra hagnýta hugsun í gegnum leik og með því að taka þátt í og herma eftir fullorðnum í hagnýtum vinnuferlum. Með góðum hrynjanda og fjölbreyttum og næmum skynjunaráhrifum uppgötva börn ýmis grunnlögmál náttúrunnar og byggja upp traust á eigin getu til að fylgjast með. Öll útvíkkun málvísindalegra og stærðfræðilegra hugtaka á sér stað með hagnýtum athöfnum, í gegnum leik og hreyfingu. Talnaskilningur er lagður inn í upphafi með því að skilja og skynja gæði hvernar tölu frá einum upp í níu og síðan áfram inn í fyrsta og annan tug. Frásagnarlist og skapandi kennsluhættir kennarans búa til ævintýraheim þar sem hæfni nemenda til að nota ímyndunaraflið og þroska sínar eigin innri myndir lifnar við. Leikir, tónlist, söngur, vers og endurtekning eru stór hluti af hrynjanda daganna.

Einfaldar sögur og klassísk ævintýri eru nýtt sem ýtarefni fyrir innlagnir í íslensku, stafainnlögn, talnaskilningi og málvitund. Kennarinn getur einnig samið eigin sögur sem henta viðkomandi bekkjarhóp og þeirri vinnu sem fer fram á hverjum tíma. Frá mynd til bókstafs: Með myndum úr sögum, kvæðum og hljóðæfingum læra börnin bókstafina, form þeirra og hljóð - einn af öðrum - og geta að lokum byrjað að skrifa einföld orð og setningar.

Formteikningin stuðlar að því að draga til stafs. Einfaldar teikniæfingar þar sem beinar og sveigðar línur mynda formfagar og litríkar myndir nemenda. Nemendur nota breiða og mjóa vaxliti.